

# Afkomu- og hraðamælingar á Langjökli jökulárið 2008-2009

Finnur Pálsson  
Helgi Björnsson

Jarðvísindastofnun Háskólangs  
og Landsvirkjun

janúar 2010  
RH-06-2010



**Efnisyfirlit:**

1. Inngangur	1
2. Afkomumælingar	2
3. Samandregnar niðurstöður afkomumælinga	3
4. Afrennsli leysingarvatns frá Langjökli	5
5. Hraðamælingar	7
6. Lokaorð	8

**Viðaukar:**

A. Afkoma í mælipunktum jökulárið 2008-2009	9
B. Dreifing afkomu með hæð jökulárið 2008-2009	10
C. Hnit hraðamælipunkta 2009	11
D. Mældur láréttur yfirborðsskriðhraði 2009	13
E. Afrennsli leysingar sumarið 2009	15

**Myndir:**

1. mynd.	Lega afkomumælipunkta 2009.	1
2. mynd.	Vetrar-, summar- og ársafkoma í mælipunktum.	2
3. mynd.	Afkoma á mælisniðum. A: Frá sporði Vestari Hagafellsjökuls upp á hábungu suðurhvels Langjökuls. B: Frá sporði upp á hábungu norðurhvels Langjökuls (norðvestur hluti jökulsins).	2
4. mynd.	Afkoma jökuláranna 1996-97 til 2008-2009.	3
5. mynd.	Sumarhiti (maí - september) og vetrarúrkoma (október - maí) á Hveravöllum jökulárin 1960-61 til 2008-2009. Heildregnu línurnar eru 10 ára vegin (þríhyrningur) keðjumeðaltöl. (Veðurgögn frá Veðurstofu Íslands).	3
6. mynd.	Kort sem sýna vetrar-, summar- og ársafkomu Langjökuls jökulárið 2008-2009.	4
7. mynd.	Flatardreifing Langjökuls með hæð og uppsöfnuð dreifing afkomu með hæð, 2008-2009.	4
8. mynd.	Samhengi ársafkomu og hlutfalls ákomsvæðis af heildarflatarmáli (AAR). Sýnd er besta beina lína gegnum gagnasafnið (einum punkti sleppt).	4
9. mynd.	Helstu vatnsvið og vatnaskil á Langjökli.	5
10. mynd.	Meðaltal ársafrennslis leysingarvatns frá vatnsviðum helstu vatnsfalla frá Langjökli 1997-2008. a: Vatnsvið Þingvallavatns (I); b: Vatnsvið Þingvallavatns (II); c: Hvítá í Borgarfirði; d: Hvítárvatn, Hvítá; e: Hagavatn, Sandvatn.	5
11. mynd.	Þversnið niður miðjan Hagafellsjökul vestari og mældur yfirborðshraði á því sniði sumurin 1997, 1998, 1999, 2000, 2001 2002, 2003, 2004, 2005, 2006, 2007, 2008, 2008 og einnig haustið 1998.	7
12. mynd.	Meðaltal láréttts yfirborðshraða sumarið 2009.	7

**Töflur:**

- I. Afrennsli leysingavatns frá Langjökli til helstu vatnsviða.

## 1. Inngangur.


Árið 2009 vann Jarðvísindastofnun að afkomumælingum á Langjökli í samvinnu við Landsvirkjun. Í lok apríl var vetrarrafkoma mæld á 23 stöðum á jöklinum og komið fyrir stikum eða vírum til að mæla sumarleysingu. Einnig voru settar upp tvær veðurstöðvar á Hagafellsjökul vestari, en grein verður gerð fyrir niðurstöðum veðurmælinganna annars staðar. Á 1. mynd sést lega mælipunkta, sem dreift var þannig að sem best mynd fengist af breytileika afkomu frá norðri til suðurs eftir jöklinum og á suðurhveli jöklusins. Hreyfing var mæld með DGPS-tækjum eða Kinematic-GPS í öllum afkomumælinga punktunum.

Að vormælingum 19-21. apríl unnu Sveinbjörn Steinþórsson, Hlynur Skagfjörð Pálsson og Andri Gunnarsson. Farartæki var snjóbíll HSSR. Færíð á jököli var ágætt en veður risjótt, lengst af mjög hvasst.

Að hausti var lesið af öllum stikum á safnsvæði jöklusins 23. september (einn bíll og tveir vélsleðar) og 5 stikum á leysingasvæði í 21. október (tveir bílar).

Að haustmælingum komu Sveinbjörn Steinþórsson, Þorsteinn Jónsson, Hlynur Skagfjörð Pálsson og Andri Gunnarsson (farartæki Toyota Hiluxbílar JH og LV og vélsleðar RH og LV).

Finnur Pálsson vann að úrvinnslu og túlkun mæligagna.




1. mynd. Lega afkomumælipunkta 2009.


## 2. Afkomumælingar.

Afkoma var mæld á hefðbundinn hátt. Að vori var tekinn kjarni með rafknúnum kjarnabor niður gegnum árlagið og eðlis-massi snævarins fundinn. Á ákomusvæðum voru settar bambusstikur en á leysingarsvæðum vírar niður í holur sem boraðar voru með gufubor. Sumar-leysing fannst með mælingu á mismun þess sem upp úr stóð vor og haust og eðlismassa fyrninga.

Niðurstöður afkomumælinga í einstökum mælipunktum eru sýndar á 2. mynd og viðauka A. Á 3. mynd er afkomusnið frá sporði V-Hagafellsjökuls upp á miðja suðurbungu jökulsins og einnig frá sporði upp hábungu norðurhvells Langjökuls.



2. mynd. Vetrar-, sumar- og ársafkoma í mælipunktum.



3. mynd. Afkoma á mælisniðum. A: Frá sporði Vestari Hagafellsjökuls upp á hábungu suðurhvells Langjökuls. B: Frá sporði upp á hábungu norðurhvells Langjökuls (norðvestur hluti jökulsins). Meðatal mælitímabilsins 1996-97 til 2008-09 er sýnd með brotnum línum.

### 3. Samdregnar niðurstöður afkomumælinga.

Eftir mæligildum í afkomumælipunktunum voru gerð stafræn kort til reikninga á rúmmáli afkomu og til að lýsa sumarleysingu á einstökum vatnasviðum. Heildarafkoma Langjökuls 2008-2009 var:

$$B_w = 1.84 \text{ km}^3 \text{ eða } b_w = 2024 \text{ mm}$$

$$B_s = -2.16 \text{ km}^3 \text{ eða } b_s = -2386 \text{ mm}$$

$$B_n = -0.32 \text{ km}^3 \text{ eða } b_n = -362 \text{ mm}$$


(B er heildarrúmmál vatnsgildis, en b þykkt vatnsgildis jafndreift yfir jökulinn, w, s og n stendur fyrir vetur, sumar og ár).

Til samanburðar voru gildi fyrri ára:


	$b_w$	$b_s$	$b_n$ (mm)
1996-1997	1900	-3200	-1300
1997-1998	1120	-2820	-1700
1998-1999	1502	-2270	-768
1999-2000	2130	-2880	-750
2000-2001	1273	-2550	-1271
2001-2002	1566	-3222	-1656
2002-2003	2105	-4051	-1946
2003-2004	1789	-3276	-1487
2004-2005	1617	-2511	-894
2005-2006	1690	-2970	-1279
2006-2007	1647	-3058	-1411
2007-2008	1999	-3840	-1842
<b>Meðaltal<sub>(96-09)</sub></b>	<b>1736</b>	<b>-2998</b>	<b>-1262</b>

Snjósöfnun veturinn 2008-2009 var sú þriðja mesta á mælitímanum (frá 1996), nærrí sú sama og á síðasta ári. Snjósöfnun var allsstaðar yfir meðallagi einkum þó á safnsvæðinu. (3. og 4. mynd). Ekki er einfalt samband milli úrkому á Hveravöllum og vetrarrafkому Langjökuls (5. mynd); hitastig þegar úrkoma fellur og úrkomuáttir skipta miklu máli.

Sumarleysing var undir meðallagi á öllum hæðarbilum, áberandi lítil á norðurhluta jöklusins enda köld norðanátt ríkjandi um miðbik sumars. Meðalsumarhitinn á Hveravöllum var nærrí meðaltali mælitíma-bilsins (5. mynd). Gögn frá veðurstöð í 1100 m hæð á Hagafellsjökli sýna að leysing hófst ekki fyrr en í lok júní. Síðan tók fyrir leysingu í nærrí tvær vikur þegar snjóaði talsvert í síðustu viku júlí. Leysing náði sér svo aftur á strik en vetur var skollinn á um miðjan september með snjókomu og kaldara veðri. Þó ársafkoma hafi verið neikæð, var hún sú skásta frá upphafi mælinga; um fjórðungur af meðaltali mælitímabilsins.




4. mynd. Afkoma jökuláranna 1996-97 til 2008-2009.




5. mynd. Sumarhití (maí - september) og vetrarúrkoma (október - maí) á Hveravöllum jöklulárin 1960-61 til 2008-2009. Heildregnu línurnar eru 11 ára keðjumeðaltöl (þrihyrningsvægi). Veðurgögn frá Veðurstofu Íslands.

Flatarmál safnsvæðis var  $450 \text{ km}^2$ , eða um 50 % af heildarflatarmáli jökulsins. Hæð jafnvægislínu á sunnanverðum jöklínnum (vestari Hagafellsjökli) var í um 1050 m, en um 1255 m á Baldjökli. Á 6. mynd eru sýnd stafræn kort af afkomu Langjökuls 2008-2009. Á 7. mynd er sýnd flatardreifing Langjökuls með hæð og uppsöfnuð dreifing afkomu með hæð. Flatardreifingar eru unnar eftir nýju yfirborðskorti Langjökuls fyrir árið 2007 sem byggt er á korti unnu eftir gerfitunglamynnum frá 2004, lagað eftir GPS hæðarsniðum sem mæld voru vítt og breytt um jökulinn vorið 2007. Á 8. mynd er sýnt sambandið milli ársafkomu og hlutfalls ákomusvæðis af heildarflatarmáli jökulsins (AAR). Samhengi milli þessara stærða má nálgva með beinni línu eins og sýnt er á myndinni og nota til að nálgast gildi ársafkomu ef AAR er þekkt, t.d. fundið með myndatöku úr lofti eða utan úr geimnum. Við mat bestu beinu línu er árinu 1997-98 sleppt; það sumar var efri hluti jökulsins




6. mynd. Kort sem sýna vetrar-, sumar- og ársafkomu



7. mynd. Flatardreifing Langjökuls með hæð og uppsöfnuð dreifing afkomu með hæð, 2008-2009.


óvanalega skítugur vegna ryks sem barst yfir hann af hálendinu (veður þurr og hvast á tímabili). Þetta magnaði leysingu, einkum á efri hluta jökulsins. Þessar einföldu nálganir benda til að AAR væri nærrí 53% og hæð jafnvægislínu um 975 m ef Langjökull væri í jafnvægi (heildarársaferkoman væri 0).

Afkoma Langjökuls hefur verið neikvæð allan tímann sem hún hefur verið mæld, frá 1996-97. Samtals hefur jökkullinn á 13 árum rýrnað um  $16.41 \text{ m}$  eða  $14.77 \text{ km}^3$  (vatnsjafngildi). Þetta svarar til  $16.41 \text{ km}^3$  af ís, sem er 8.64 % rýrnun rúmmáls alls jökulsins eða 0.66 % á ári.



8. mynd. Samhengi ársafkomu og hlutfalls ákomusvæðis af heildarflatarmáli (AAR). Sýnd er besta beina lína gegnum

#### 4. Afrennsli leysingavatns frá Langjökli.




9. mynd. Helstu vatnaskil og vatnaskil á Langjökli. Vatnsvæði Þingvallavatns er afmarkað á two vegu, I og II, sjá texta.

Jökulleysing skilaði að jafnaði  $164 \text{ m}^3/\text{s}$  frá Langjökli tímabilið 1. maí til 30. september 2009, eða  $69 \text{ m}^3/\text{s}$  jafnað yfir heilt ár. Frá jöklinum runnu því að jafnaði um  $76 \text{ ls}^{-1}\text{km}^{-2}$  af jökulbráð. Til mats á heildarafrennsli frá jöklinum þarf að bæta við regni sem fellur á hann og rennur af honum.

Einstök vatnaskil á jöklum hafa verið afmörkuð eftir korti af mætti vatns við jökulbotn. Vatnaskil við jökulrönd voru ákvörðuð eftir kortum Landmælinga Íslands og loftmyndum. Vatnaskilin eru sýnd á 9. mynd. Vatnaskil Þingvallavatns var afmarkað á two vegu. Annars vegar voru vatnaskil á sporði vestari Hagafellsjökuls ákvörðuð út frá rennsli í ám sem greinilega sjást á kortum og flugmyndum (kallað vatnaskil Þingvallavatns (I)). Hins vegar voru dregin vatnaskil nokkru austar (brotin lína á 9. mynd) upp frá jökuljaðrinum að tillögu Freysteins Sigurðssonar, Orkustofnun, en vatnaskil undir jöklum dregin með sömu aðferðum og fyrir önnur

vatnaskil (vatnaskil Þingvallavatns (II)). Reiknað var sumarleysingavatn frá jöklinum til nokkurra vatnsviða: Hagavatns og Sandvatns (eystra), vatnsviðs Þingvallavatns, Hvítár í Borgarfirði og Hvítárvatns, Hvítár í Árnessýslu. Í töflu I. eru settar fram tölur um leysingavatn sumurin 1997 til 2009. Meðalafrennsli á flatareiningu sumarið 2009 var nokkuð breytilegt milli vatnsviða, um  $65\text{-}91 \text{ ls}^{-1}\text{km}^{-2}$ , hæst á sunnanverðum jöklinum.

Töflur um afrennsli eru í viðauka E.



10. mynd. Meðalársafrennsli leysingarvatns frá vatnsviðum helstu vatnsfalla frá Langjökli 1997-2009. a: Vatnsvæði Þingvallavatns (I); b: Vatnsvæði Þingvallavatns (II); c: Hvítá í Borgarfirði; d: Hvítárvatn, Hvítá; e: Hagavatn, Sandvatn.. Meðalársafrennsli leysingar allt tímabilið er sýnt með brotinni línu.

Meðalafrennsli á flatareiningu hefur verið á bilinu  $71\text{-}128 \text{ ls}^{-1}\text{km}^{-2}$  frá því mælingar hófust 1997. Meðalafrennsli á flatareiningu vegna leysingar sumarsins 2009 var  $76 \text{ ls}^{-1}\text{km}^{-2}$ . Á 10. mynd er sýndur breytileiki meðal-ársafrennslis leysingarvatns  $Q_a$ . Meðalársafrennsli leysingar allt tímabilið (10. mynd brotin lína) er: a: Vatnsvið Þingvallavatns (I)  $9,1 \text{ m}^3\text{s}^{-1}$ ; b: Vatnsvið Þingvallavatns (II)  $11,9 \text{ m}^3\text{s}^{-1}$ ; c: Hvítá í Borgarfirði  $26,3 \text{ m}^3\text{s}^{-1}$ ; d: Hvítárvatn, Hvítá  $26,4 \text{ m}^3\text{s}^{-1}$ ; e: Hagavatn, Sandvatn  $17,7 \text{ m}^3\text{s}^{-1}$ .

### Tafla I. Afrennsli leysingavatns frá Langjökli til helstu vatnsviða.

Ár:	$\Sigma Q_s$ ( $10^6 \text{m}^3$ )												$Q_s$ ( $\text{m}^3\text{s}^{-1}$ )															
	96	06	07	97	98	99	00	01	02	03	04	05	06	07	<b>08</b>	<b>09</b>	97	98	99	00	01	02	03	04	05	06	07	<b>08</b>
<b>A</b>	100	95	284	326	248	277	269	351	390	355	262	298	312	366	<b>271</b>	22	25	19	21	20	27	30	27	20	23	24	28	<b>20</b>
<b>B</b>	146	139	326	435	331	377	357	456	526	467	353	394	425	488	<b>358</b>	25	33	25	29	27	35	40	35	27	30	32	37	<b>27</b>
<b>C</b>	315	305	957	796	663	927	771	1002	1248	1007	768	928	830	1104	<b>629</b>	72	60	50	70	58	76	94	76	58	70	63	84	<b>48</b>
<b>D</b>	295	294	934	816	660	842	751	931	1280	952	733	991	929	1149	<b>658</b>	71	62	50	64	57	70	97	72	55	75	70	87	<b>50</b>
<b>E</b>	197	190	627	634	488	560	526	631	738	652	507	567	630	709	<b>533</b>	47	48	37	42	40	48	56	49	38	43	48	54	<b>40</b>
																<b><math>Q_a</math></b> ( $\text{m}^3\text{s}^{-1}$ )											<b><math>q_s</math></b> ( $\text{ls}^{-1}\text{km}^{-2}$ )	
	97	98	99	00	01	02	03	04	05	06	07	08	<b>09</b>	97	98	99	00	01	02	03	04	05	06	07	08	<b>09</b>		
	9,0	10,3	7,9	8,8	8,5	11,1	12,4	11,3	8,3	9,5	9,9	11,6	<b>8,6</b>	90	103	79	88	85	111	124	113	83	95	105	123	<b>91</b>		
	10,3	13,8	10,5	12,0	11,3	14,5	16,7	14,8	11,2	12,5	13,5	15,5	<b>11,4</b>	71	94	72	82	78	99	114	102	76	86	97	111	<b>82</b>		
	30,3	25,2	21,0	29,4	24,4	31,8	39,6	31,9	24,3	29,4	26,3	35,0	<b>19,9</b>	96	80	67	93	78	101	126	101	77	93	86	114	<b>65</b>		
	29,6	25,9	20,9	26,7	23,8	29,5	40,6	30,2	23,2	31,4	29,4	36,4	<b>20,9</b>	100	88	71	91	81	100	138	102	79	106	100	124	<b>71</b>		
	19,9	20,1	15,5	17,8	16,7	20,0	23,4	20,7	16,1	18,0	20,0	22,5	<b>16,9</b>	101	102	79	90	85	102	119	105	82	91	105	118	<b>89</b>		

**A:** Þingvallavatn-I; **B:** Þingvallavatn-II, **C:**Hvítá í Borgarfirði, **D:** Hvítárvatn, Hvítá, **E:** Hagavatn, Sandvatn.

A: Flatarmál vatnsviðs undir jöklum

$\Sigma Q_s$ : heildarafrennsli leysingavatns


$Q_s$ : meðalrennslí (maí-september, 5 mánuðir)

$Q_a$ : meðalrennslí (12 mánuðir)

$q_s$ : meðalafrennsli á flatareiningu jöklus (12 mánuðir)

(ath: flatarmál vatnsviða árið 2009 eru unnin eftir hæðarkorti af Langjökli fyrir árið 2007)


## 5. Hraðamælingar.



11. mynd. Þversnið niður miðjan Hagafellsjökul vestari (yfirborð 1997, punktar sýna yfirborðshæð 2007) og mældur yfirborðshraði á því sniði sumurin 1997, 1998, 1999, 2000, 2001, 2002, 2003, 2004, 2005, 2006, 2007, 2008, 2009 og haustið 1998.

Yfirborðshreyfing jöklusins var mæld í öllum afkomumæli-punktum, með nákvæmri GPS staðsetningu stika að vori og hausti. Þessar mælingar eru gerðar til að kanna flutning fyrninga frá ákomusvæði til leysingasvæðis. Ef jökkullinn er í jafnvægi flyst jafnmikið niður á leysingasvæðin og safnast á ákomusvæðin og hraðinn sem til þarf kallast jafnvægishraði. Með samanburði mælds yfirborðshraða og reiknaðs jafnvægishraða sést hvort jökkullinn hreyfist nægilega hratt til að bera fram afkomu sem á hann safnast. Ef jafnvægishraðinn er hærri en mældur hraði safnast fyrningar á ákomusvæði, jökkullinn verður æ brattari og stefnir í framhlaup.

Á 11. mynd sést hvernig hraði hefur breyst á Vestari Hagafellsjökli frá sumrinu 1997 til sumarsins 2009. Lárétti hraðinn er svipaður og síðustu ár. Á 12. mynd eru sýndir hraðavigrar í öllum mælistíkum. Engar vísbendingar eru um að framhlaup sé í aðsigi á skriðjöklum Langjökuls. Hnit allra hraðamælipunkta eru sýnd í viðauka C og hraði í viðauka D.



12. mynd. Meðaltal lárétts yfirborðshraða sumarið 2009.

## 6. Lokaorð.

Afkoma Langjökuls á jökulárinu 2008-2009 var neikvæð um 0.34 m (vatnsgildi, jafndreift yfir allan jökulinn ( $\sim 900 \text{ km}^2$ )). Afkoma hefur verið neikvæð öll þau 13 ár sem hún hefur verið mæld, samtals um 16.41 m að vatnsgildi jafndreift yfir jökulinn eða íspbynning um 18.2 m. Á þessu 13 ára tímabili hefur Langjökull tapað um 8,64% massa síns.

Vetrarrafkoman var 2.02 m sem er um 17% meira en að meðaltali yfir mælitímabilið og sumarleysing 2.39 m eða 20% undir meðallagi frá 1996-97 til 2008-09. Leysing var lítil á norðanverðum jöklinum, leysingatímabilið var stutt og nokkrum sinnum snjóaði á safnsvæði jöklusins að sumrinu og dró mjög úr leysingu.

Þetta ár var ákomusvæði Langjökuls 50 % af flatarmáli hans og jafnvægislína í 1255 m á Baldjökli en 1050 m á suðurhluta jöklusins (Bláfellsjökli). Afrennsli leysingarvatns frá jöklinum var um  $69 \text{ m}^3 \text{s}^{-1}$  eða  $76 \text{ ls}^{-1} \text{km}^2$  að jafnaði yfir árið.

## Viðauki A : Afkoma í mælipunktum 2008-2009.

**b<sub>w</sub>**: vetrarafkoma, **b<sub>s</sub>**: sumarafkoma, **b<sub>n</sub>**: ársafkoma.

Mæli- stika	Staðsetning	Hæð	Dags. (m y.s.)	Dags. að vori að hausti	b <sub>w</sub>	b <sub>s</sub>	b <sub>n</sub>	nýsnjór <sub>að hausti</sub> (mm)
	Breidd	Lengd			(mm)	(mm)	(mm)	(mm)
L01	64	30.635	20	27.479	571	090421	091020	479 -6851 -6372 0
L02	64	31.133	20	26.721	665	090421	091020	830 -5501 -4671 91
L03	64	33.025	20	24.442	884	090421	091020	1754 -3645 -1891 144
L04	64	34.168	20	23.409	990	090421	091020	2002 -2767 -765 98
L05	64	35.695	20	22.518	1107	090423	090920	2934 -2256 678 56
L06	64	36.587	20	18.021	1199	090423	090920	3584 -1476 2108 49
L07	64	38.776	20	15.802	1287	090423	090920	3240 -1158 2082 70
L08	64	40.523	20	16.030	1412	090423	090920	2150 -790 1360 60
L09	64	37.651	20	27.442	1381	090423	090920	2842 -817 2025 67
L10	64	36.603	20	31.984	1138	090423	090920	2042 -1878 164 49
L11	64	38.853	20	32.297	8612	090423	090920	1673 -4220 -2547 7
L12	64	34.552	20	1.974	841	090421	091020	1745 -3977 -2232 116
L13	64	36.378	20	1.491	889	090423	090920	2224 -3124 -900 18
L14	64	39.005	20	1.216	1159	090423	090920	2450 -1346 1104 42
L15	64	40.816	20	4.108	1190	090423	090920	2430 -1254 1176 56
L16	64	38.512	20	10.132	1266	090423	090920	2520 -710 1810 53
L17	64	45.002	19	59.563	1346	090423	090919	2010 -1074 936 32
L18	64	49.769	19	56.175	1429	090423	090919	2261 -520 1741 60
L19	64	50.311	19	59.048	1283	090423	090919	1441 -1290 151 53
L20	64	50.387	20	2.866	988	090423	090920	1710 -3024 -1314 7
L21	64	50.575	19	49.883	1151	090423	090919	1641 -1650 -9 35
L22	64	50.487	19	46.694	967	090423	090919	1537 -3517 -1980 4
L23	64	36.502	20	6.990	1166	090423	090920	2900 -1412 1488 126

Ath. Afkomutölur eru vatnsjafngildi. Grafið var niður á sumaryfirborð að hausti, og snjóþekja ofan á því ekki talin til sumars (verður með í næsta vetri). Í töflunni eru vatnsgildi nýsnævis í mælipunktum; snjórinn var ekki mjög þéttur og eðlismassi metinn  $350 \text{ kg/m}^3$ .

## Viðauki B : Dreifing afkomu með hæð jökulárið 2008 - 2009

$\Delta S$  : flatarmál á hverju hæðarbili,  $\dot{\Delta}S$ : uppsafnað flatarmál ofan gefinnar hæðar, bw: vetrarrafkoma, bs: sumarrafkoma. bn: ársafkoma,  $\Delta B_w$  : vetrarrafkoma á hæðarbili,  $\dot{\Delta}B_w$ : uppsöfnuð vetrarrafkoma ofan hæðarbils,  $\Delta B_s$ : sumarrafkoma á hæðarbili,  $\dot{\Delta}B_s$ : uppsöfnuð sumarrafkoma ofan hæðarbils,  $\Delta B_n$ : ársafkoma á hæðarbili,  $\dot{\Delta}B_n$ : uppsöfnuð ársafkoma ofan hæðarbils.

Hæðarbil (m y. s.)	$\Delta S$ (km <sup>2</sup> )	$\dot{\Delta}S$ (km <sup>2</sup> )	bw (mm)	bs (mm)	bn (mm)	$\Delta B_w$ (10 <sup>6</sup> m <sup>3</sup> )	$\dot{\Delta}B_w$ (10 <sup>6</sup> m <sup>3</sup> )	$\Delta B_s$ (10 <sup>6</sup> m <sup>3</sup> )	$\dot{\Delta}B_s$ (10 <sup>6</sup> m <sup>3</sup> )	$\Delta B_n$ (10 <sup>6</sup> m <sup>3</sup> )	$\dot{\Delta}B_n$ (10 <sup>6</sup> m <sup>3</sup> )		
1400	1450	1425	7.1	7.1	2182	-673	1508	15.5	15.5	-4.8	-4.8	10.7	10.7
1350	1400	1375	28.5	35.6	2238	-884	1354	63.8	79.3	-25.2	-30.0	38.6	49.3
1300	1350	1325	56.9	92.5	2374	-1004	1369	135.1	214.4	-57.2	-87.2	78.0	127.3
1250	1300	1275	79.2	171.7	2465	-1139	1326	195.2	409.6	-90.2	-177.4	105.0	232.3
1200	1250	1225	97.6	269.3	2584	-1329	1254	252.3	662.0	-129.8	-307.2	122.5	354.8
1150	1200	1175	101.4	370.3	2419	-1576	843	245.2	907.2	-159.7	-467.0	85.5	440.2
1100	1150	1125	99.9	470.0	2204	-1922	281	220.3	1127.5	-192.1	-659.1	28.1	468.4
1050	1100	1075	88.6	558.3	1997	-2270	-272	177.0	1304.5	-201.2	-860.3	-24.2	444.2
1000	1050	1025	76.4	634.3	1884	-2590	-705	143.9	1448.4	-197.8	-1058.1	-53.9	390.3
950	1000	975	56.4	689.9	1771	-2939	-1168	99.8	1548.2	-165.7	-1223.8	-65.9	324.4
900	950	925	52.8	741.1	1700	-3319	-1619	89.7	1637.9	-175.2	-1398.9	-85.4	239.0
850	900	875	43.4	783.5	1636	-3729	-2093	70.9	1708.8	-161.7	-1560.6	-90.8	148.2
800	850	825	31.8	814.4	1452	-4183	-2730	46.2	1755.1	-133.0	-1693.7	-86.8	61.4
750	800	775	27.2	840.5	1259	-4549	-3289	34.3	1789.3	-123.7	-1817.4	-89.5	-28.1
700	750	725	21.2	860.8	1105	-4928	-3823	23.5	1812.8	-104.7	-1922.1	-81.2	-109.3
650	700	675	13.0	873.4	917	-5404	-4486	12.0	1824.8	-70.5	-1992.6	-58.5	-167.8
600	650	625	10.0	883.0	683	-5982	-5298	6.8	1831.6	-59.6	-2052.1	-52.8	-220.6
550	600	575	6.7	889.5	431	-6707	-6276	2.9	1834.5	-45.1	-2097.2	-42.2	-262.8
500	550	525	5.4	894.6	225	-7230	-7004	1.2	1835.7	-39.0	-2136.3	-37.8	-300.6
450	500	475	3.4	897.8	71	-7633	-7561	0.2	1835.9	-26.0	-2162.2	-25.7	-326.3
400	450	425	0.3	898.1	10	-7825	-7815	0.0	1835.9	-2.2	-2164.4	-2.2	-328.5

## Viðauki C: Hnit hraðamælipunkta 2009

Mæld staðsetning mælistika á Langjökli 2009, GPS mælingar. Nákvæmni er áæthluð betri en 1 m lárétt og 2 m lóðrétt fyrir mælingar merktar I (submeter DGPS) og um 5 cm fyrir mælingar merktar K og FS (Kinematic eða faststatic GPS).  $h_l$  er hæð yfir ellipsóíðu (ISNET-93, NKG96 GeoÍða),  $\Delta L$  loftnetshæð og N áætlaður mismunur ellipsóíðu og geóÍðuhæðar, ( $H = h_l - N - \Delta L$ ).

Stika	Dagur Dags.	Árs Ár	Breiddar- gráða	Lengdar- gráða	$h_l$ (m y. e.)	$\Delta L$ (m)	N (m)	H (m y. s.)
L01m 19	4 109	2009	64 30.63468	20 27.47908	638.31	0.00	-67.05	571.26 K
L01m 21	10 294	2009	64 30.63397	20 27.48075	630.64	0.00	-67.05	563.59 K
L02m 19	4 109	2009	64 31.13343	20 26.72073	732.37	0.00	-67.08	665.29 K
L02m 21	10 294	2009	64 31.12990	20 26.72557	725.81	0.00	-67.08	658.73 K
L03m 19	4 109	2009	64 33.02473	20 24.44212	951.14	0.00	-67.17	883.98 K
L03m 21	10 294	2009	64 33.01281	20 24.45576	947.18	0.00	-67.17	880.01 K
L04m 19	4 109	2009	64 34.16844	20 23.40900	1057.68	0.00	-67.21	990.47 K
L04m 21	10 294	2009	64 34.15280	20 23.42673	1050.09	0.00	-67.21	982.88 K
L05m 20	4 110	2009	64 35.69490	20 22.51806	1173.87	0.00	-67.25	1106.61 K
L05m 23	9 266	2009	64 35.68526	20 22.52627	1168.66	0.00	-67.25	1101.41 K
L06m 20	4 110	2009	64 36.58741	20 18.02066	1266.04	0.00	-67.27	1198.76 K
L06m 23	9 266	2009	64 36.58421	20 18.02529	1262.68	0.00	-67.27	1195.41 K
L07m 21	4 111	2009	64 38.77580	20 15.80190	1353.90	0.00	-67.28	1286.62 FS
L07m 23	9 266	2009	64 38.77322	20 15.80022	1349.52	-0.05	-67.28	1282.19 FS
L08m 21	4 111	2009	64 40.52297	20 16.03006	1479.01	0.00	-67.27	1411.74 K
L08m 23	9 266	2009	64 40.52357	20 16.03264	1475.56	0.00	-67.27	1408.28 FS
L09m 21	4 111	2009	64 37.65065	20 27.44221	1448.61	0.00	-67.24	1381.38 K
L09m 23	9 266	2009	64 37.65164	20 27.44511	1443.39	-0.05	-67.24	1376.10 K
L10m 21	4 111	2009	64 36.60341	20 31.98411	1205.48	0.00	-67.16	1138.31 K
L10m 23	9 266	2009	64 36.60455	20 31.98734	1200.28	0.00	-67.16	1133.12 K
L11m 22	4 112	2009	64 38.85326	20 32.29697	928.69	0.00	-67.12	861.57 K
L11m 23	9 266	2009	64 38.85328	20 32.29918	921.24	0.15	-67.12	854.27 K
L12m 20	4 110	2009	64 34.55189	20 1.97357	908.54	0.00	-67.16	841.38 K
L12m 21	10 294	2009	64 34.55065	20 1.96898	903.16	0.00	-67.16	836.00 K
L13m 20	4 110	2009	64 36.37795	20 1.49120	956.16	0.00	-67.20	888.97 K
L13m 23	9 266	2009	64 36.37258	20 1.47778	949.64	0.10	-67.20	882.54 K
L14m 20	4 110	2009	64 39.00486	20 1.21645	1226.26	0.00	-67.24	1159.02 K
L14m 23	9 266	2009	64 39.00533	20 1.21506	1221.51	0.00	-67.24	1154.27 K
L15m 20	4 110	2009	64 40.81625	20 4.10781	1257.24	0.00	-67.27	1189.98 K
L15m 23	9 266	2009	64 40.81803	20 4.10564	1252.64	0.00	-67.27	1185.37 K
L16m 21	4 111	2009	64 38.51170	20 10.13163	1333.73	0.00	-67.28	1266.45 K
L16m 23	9 266	2009	64 38.51158	20 10.12961	1330.34	0.00	-67.28	1263.06 FS
L17m 20	4 110	2009	64 45.00246	19 59.56324	1413.23	0.00	-67.26	1345.97 K
L17m 23	9 266	2009	64 45.00261	19 59.56538	1409.16	0.06	-67.26	1341.96 K
L18m 21	4 111	2009	64 49.76888	19 56.17528	1496.01	0.00	-67.25	1428.76 K

L18m 23	9 266	2009	64 49.76982	19 56.17685	1494.48	0.00	-67.25	1427.23	K	
L19m 21	4 111	2009	64 50.31127	19 59.04793	1350.26	0.00	-67.23	1283.04	K	
L19m 23	9 266	2009	64 50.31322	19 59.05462	1345.69	0.00	-67.23	1278.47	K	
L20m 21	4 111	2009	64 50.38726	20	2.86607	1055.57	0.00	-67.18	988.39	K
L20m 23	9 266	2009	64 50.38852	20	2.87104	1049.77	0.15	-67.18	982.74	K
L21m 21	4 111	2009	64 50.57464	19 49.88264	1218.62	0.00	-67.23	1151.39	K	
L21m 23	9 266	2009	64 50.57509	19 49.86927	1213.88	0.05	-67.23	1146.70	K	
L22m 21	4 111	2009	64 50.48680	19 46.69374	1034.53	0.00	-67.19	967.35	K	
L22m 23	9 266	2009	64 50.48667	19 46.68999	1028.18	0.15	-67.19	961.15	K	
L23e 20	4 110	2009	64 36.50198	20	6.98995	1233.66	0.00	-67.25	1166.41	K
L23e 23	9 266	2009	64 36.49922	20	6.98514	1228.51	-0.18	-67.25	1161.08	K

Ath. Hæð að hausti er miðuð við sumarflöt (hausthvörf), þ.e. grafið er í gegnum nýsnjóinn og hæð mæld miðað gamla hjarnið/í sinn undir nýsnjónum.

### Viðauki D: Mældur láréttur yfirborðshraði á Langjökli 2009

Stika	dags.	dagur árs	dags.	dagur árs	daga fjöldi	færsla (m)	láréttur ( ° )	hraði (cm/dag)	hraði (m/ári)
L01m	090419	109	091021	294	185	1.87	225	1.01	3.70
L02m	090419	109	091021	294	185	7.60	211	4.11	14.99
L03m	090419	109	091021	294	185	24.62	206	13.31	48.57
L04m	090419	109	091021	294	185	32.24	206	17.43	63.61
L05m	090420	110	090923	266	156	19.02	200	12.19	44.49
L06m	090420	110	090923	266	156	6.98	212	4.48	16.34
L07m	090421	111	090923	266	155	4.96	164	3.20	11.68
L08m	090421	111	090923	266	155	2.33	298	1.51	5.50
L09m	090421	111	090923	266	155	2.95	308	1.90	6.95
L10m	090421	111	090923	266	155	3.33	309	2.15	7.84
L11m	090422	112	090923	266	154	1.76	271	1.14	4.17
L12m	090420	110	091021	294	184	4.32	122	2.35	8.58
L13m	090420	110	090923	266	156	14.61	133	9.36	34.18
L14m	090420	110	090923	266	156	1.41	52	0.90	3.29
L15m	090420	110	090923	266	156	3.72	28	2.39	8.71
L16m	090421	111	090923	266	155	1.62	98	1.05	3.82
L17m	090420	110	090923	266	156	1.72	279	1.10	4.02
L18m	090421	111	090923	266	155	2.14	325	1.38	5.04
L19m	090421	111	090923	266	155	6.40	304	4.13	15.08
L20m	090421	111	090923	266	155	4.57	301	2.95	10.76
L21m	090421	111	090923	266	155	10.60	85	6.84	24.96
L22m	090421	111	090923	266	155	2.97	95	1.92	7.00
L23e	090420	110	090923	266	156	6.39	143	4.10	14.95

### **Viðauki E: Afrennsli vegna jökulleysingar sumarið 2009:**

$\Delta S$ : flatarmál á gefnu hæðarbili,  $\Delta Q_s$ : afrennsli á gefnu hæðarbili,  $\dot{a}Q_s$ : uppsafnað afrennsli leysingarvatns af jöklum ofan nefndrar hæðar.

#### **Allur Langjökull**

Hæðarbil m y. s.		$\Delta S$ $\text{km}^2$	$\Delta Q_s$ $(10^6 \text{m}^3)$	$\dot{a}Q_s$ $(10^6 \text{m}^3)$
1400	1450	7.1	4.8	4.8
1350	1400	28.5	25.2	30.0
1300	1350	56.9	57.2	87.2
1250	1300	79.2	90.2	177.4
1200	1250	97.6	129.8	307.2
1150	1200	101.4	159.7	467.0
1100	1150	99.9	192.1	659.1
1050	1100	88.6	201.2	860.3
1000	1050	76.4	197.8	1058.1
950	1000	56.4	165.7	1223.8
900	950	52.8	175.2	1398.9
850	900	43.4	161.7	1560.6
800	850	31.8	133.0	1693.7
750	800	27.2	123.7	1817.4
700	750	21.2	104.7	1922.1
650	700	13.0	70.5	1992.6
600	650	10.0	59.6	2052.1
550	600	6.7	45.1	2097.2
500	550	5.4	39.0	2136.3
450	500	3.4	26.0	2162.2
400	450	0.3	2.2	2164.4

### Vatnaskið Þingvallavatns (I)

Hæðarbil m y. s.		$\Delta S$ $\text{km}^2$	$\Delta Q_s$ $(10^6 \text{m}^3)$	$\dot{A}Q_s$ $(10^6 \text{m}^3)$
1350	1400	1.5	1.4	1.4
1300	1350	5.8	5.2	6.5
1250	1300	6.6	7.3	13.8
1200	1250	7.3	10.0	23.8
1150	1200	7.3	12.3	36.1
1100	1150	8.2	16.9	53.1
1050	1100	8.0	18.5	71.6
1000	1050	7.3	18.7	90.3
950	1000	6.5	18.5	108.8
900	950	7.0	22.7	131.4
850	900	6.6	24.8	156.3
800	850	5.6	23.6	179.9
750	800	5.4	25.3	205.2
700	750	4.0	20.4	225.6
650	700	2.9	15.9	241.5
600	650	2.2	13.5	255.0
550	600	1.3	9.1	264.1
500	550	0.7	5.3	269.5
450	500	0.2	1.2	270.7

### Vatnaskið Þingvallavatns (II)

Hæðarbil m y. s.		$\Delta S$ $\text{km}^2$	$\Delta Q_s$ $(10^6 \text{m}^3)$	$\dot{a}Q_s$ $(10^6 \text{m}^3)$
1350	1400	4.1	3.5	3.6
1300	1350	12.5	11.7	15.3
1250	1300	13.6	15.3	30.6
1200	1250	17.9	24.0	54.6
1150	1200	12.4	20.5	75.1
1100	1150	11.1	23.1	98.2
1050	1100	9.9	23.0	121.2
1000	1050	8.4	21.6	142.7
950	1000	7.2	20.6	163.4
900	950	7.7	25.0	188.3
850	900	7.1	26.8	215.1
800	850	6.1	26.0	241.1
750	800	5.9	27.5	268.6
700	750	4.7	23.6	292.3
650	700	3.4	19.0	311.3
600	650	3.0	18.4	329.6
550	600	2.0	13.8	343.4
500	550	1.3	9.5	352.9
450	500	0.7	5.3	358.2

### Hvítá í Borgarfirði

Hæðarbil m y. s.		$\Delta S$ $\text{km}^2$	$\Delta Q_s$ $(10^6 \text{m}^3)$	$\dot{\Delta} Q_s$ $(10^6 \text{m}^3)$
1400	1450	3.3	5.0	5.0
1400	1450	3.3	2.2	2.2
1350	1400	14.6	12.5	14.7
1300	1350	28.6	28.2	43.0
1250	1300	36.6	40.5	83.5
1200	1250	36.6	48.4	131.9
1150	1200	34.4	55.5	187.4
1100	1150	35.9	69.7	257.1
1050	1100	31.9	75.0	332.1
1000	1050	24.4	68.6	400.7
950	1000	17.3	55.5	456.2
900	950	14.6	52.5	508.7
850	900	9.5	38.1	546.8
800	850	7.0	30.6	577.3
750	800	4.7	22.0	599.4
700	750	3.6	18.7	618.1
650	700	1.6	9.1	627.2
600	650	0.4	2.1	629.4

### Hvítárvatn, Hvítá í Árnæssýslu

Hæðarbil m y. s.		$\Delta S$ km	$\Delta Q_s$ ( $10^6 m^3$ )	$\dot{A}Q_s$ ( $10^6 m^3$ )
1400	1450	3.5	2.3	2.3
1350	1400	8.2	7.9	10.2
1300	1350	12.9	14.7	24.9
1250	1300	18.0	22.6	47.5
1200	1250	28.2	37.1	84.6
1150	1200	40.2	59.2	143.9
1100	1150	36.2	64.7	208.5
1050	1100	29.9	63.3	271.9
1000	1050	29.2	70.6	342.5
950	1000	21.0	58.5	401.0
900	950	20.3	64.7	465.7
850	900	17.4	62.2	527.9
800	850	10.2	41.0	569.0
750	800	8.2	35.4	604.4
700	750	5.4	25.2	629.5
650	700	1.9	10.1	639.6
600	650	1.2	7.1	646.7
550	600	0.7	4.7	651.4
500	550	0.6	4.1	655.6
450	500	0.3	2.0	657.6
400	450	0.0	0.3	657.9

### Hagavatn (og Sandvatn)

<b>Hæðarbil m y. s.</b>		<b>ΔS km</b>	<b>ΔQ<sub>s</sub> (10<sup>6</sup>m<sup>3</sup>)</b>	<b>dot{Q}<sub>s</sub> (10<sup>6</sup>m<sup>3</sup>)</b>
1400	1450	0.3	0.2	0.2
1350	1400	4.2	3.5	3.7
1300	1350	9.6	9.2	12.8
1250	1300	17.1	18.5	31.3
1200	1250	22.9	30.1	61.4
1150	1200	16.4	27.0	88.5
1100	1150	16.6	34.3	122.8
1050	1100	15.2	35.3	158.0
1000	1050	12.8	32.9	190.9
950	1000	10.5	29.8	220.7
900	950	10.0	32.1	252.8
850	900	9.3	34.4	287.2
800	850	8.5	35.7	322.9
750	800	8.2	37.8	360.7
700	750	7.5	36.9	397.6
650	700	5.5	29.9	427.5
600	650	5.4	31.9	459.4
550	600	4.4	29.4	488.8
500	550	3.8	27.6	516.4
450	500	2.2	16.6	533.0

